

12. júlí 2013  
8.14.2

Tilv.

Sveitarfélagið Hornafjörður  
 Hafnarbraut 27  
 780 Höfn



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 12. júlí 2013  
 Tilvísun: UST20130500181/gsá

## Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í fyrra bréf stofnunarinnar, dagsett 3.júní 2013, þar sem sveitarfélagið Hornafjörður var veittur frestur til að skila upplýsingum um niðurstöðu mælinga og skráninga samkvæmt ákvæðum starfsleyfis fyrir urðunarstað sorps við Mel í landi Fjarðar, m.a. magn og gerð úrgangs sem móttékinn er og til þess að koma sjónarmiðum á framfæri vegna áforma stofnunarinnar um að veita sveitarfélaginu Hornafirði áminningu, sbr. 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun veitir hér með Sveitarfélaginu Hornafirði áminningu, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 55/2003, vegna þess að Sveitarfélagið Hornafjörður hefur ekki skilað þeim magntölum úrgangs sem ber að gera sbr. ákvæði í starfsleyfi og fyrirtækinu er skyld skv. 9. gr. laga nr. 55/2003. Umhverfisstofnun veitir hér með rekstraraðila frest til úrbóta til og með 7. ágúst 2013.

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frest er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 16. gr. sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 446/2012. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllst

*[Handwritten signature]*  
 Sigrún Ágústsdóttir  
 Sviðsstjóri

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
 Sérfræðingur